

Efni:

***Bókun íbúaráðs Grafarvogs um vorhreinsun
á götum og gönguleiðum í hverfinu
(USK2020050027)***

Vísað er til bókunar íbúaráðs Grafarvogs dagsetta 6. maí 2020 um vorhreinsun gatna og gönguleiða í hverfinu. Bókunin er svohljóðandi: *Íbúaráð Grafarvogs hvarmar það hversu illa Reykjavíkurborg er að standa sig í þrifum á götum og stígum í Grafarvogi. Aftur eru hverfi Grafarvogs þau síðustu sem eru þrifinn í borgarlandinu annað árið í röð. Hvernig stendur á því að Grafarvogur er það hverfi sem oftast virðist mæta afgangi hjá Reykjavíkurborg úr þessu verður að bæta.*

Grafarvogur hefur ekki mætt afgangi hjá Reykjavíkurborg er varðar vorhreinsun undanfarin ár enda miða áætlanir að mjög litlu leyti að hverfum eða hverfahlutum. Þegar kemur að vorhreinsun hefur skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlandsins farið þá leið undanfarin ár að skipta verkefninu í þjónustuflokka eftir götum og göngu- og hjólaleiðum. Þannig eru allir stofnbrautir og stofnstígar í umsjón Reykjavíkurborgar í efsta forgangi (þjónustuflokki 1 og 2) þvert á borgina óháð hverfum. Má segja að stór hluti gatna og stígkerfisins sé því settur í háan forgang. Þegar hreinsa skal inn í hverfum, þ.e. húsagötur og gönguleiðir nærri íbúum, er verkefninu skipt eftir hverfum og nefnt þjónustuflokkur 3. Með þessum hætti er í raun stór hluti af kerfinu hreinsaður eftir forgangsröð götu- og stígaflökkunar þar sem hæðsti forgangur eru stofn- og tengibrautir en ekki gönguleiðir innan hverfa - næst íbúum - enda litið svo á að mikilvægt sé að hreinsa fyrst fjölförnustu leiðirnar í kerfinu.

Það er rétt að húsagötur í Grafarvogi hafa verið síðastar á listanum undanfarin tvö ár í röð. Ef litið er til síðustu 4 ára hefur Grafarvogur hins vegar verið snemma á listanum 2017 og 2018 en seint á honum 2019 og 2020. Það er miður að skiptingin skuli hafa verið í 2+2 ár í röð, en ekki skipst jafnt á milli ára og er sjálfsagt að tryggja að svo verði ekki í næstu vorhreinsun.

Virðingarfyllt,

Hjalti J. Guðmundsson, skrifstofustjóri
reksturs og umhirðu borgarlandsins